

Miðvikudaginn 14. október 1992.

Nr. 111/1992. **Burstagerðin hf.**

gegn

Sigurplasti hf.

Kærumál. Innsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og kröfu varnaraðila um innsetningu hafnað. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, er sóknaraðili eigandi umræddra móta, en varnaraðili telur sig lögmætan vörslumann þeirra samkvæmt samningi aðilanna. Er hér um að ræða réttarágreiningu, sem ekki verður skorið úr í innsetningarmáli á grundvelli Norsku laga Kristjáns konungs V. frá 15. apríl 1687, VI. bók, 14. kapítula, 6. grein, um ofríki og hverk, sbr. nú 78. gr. laga nr. 90/1989. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 35.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Sigurplast hf., greiði sóknaraðila, Burstagerðinni hf., 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Garðakaupstaðar 21. febrúar 1992.

I.

Gerðarbeiðandi er Sigurplast hf., kt. 570269-6829, Völuteigi 3, Mosfellsbæ.

Gerðarþoli er Burstagerðin hf., kt. 410565-0139, Garðabæ.

Gerðarbeiðandi gerir þær kröfur, að eftirtalin mót fyrir plastflöskur verði tekin úr umráðum gerðarþola, en þau séu nú á athafnasvæði sápu-gerðarinnar Friggjar að Lyngási 1, Garðabæ, og fengin gerðarbeiðanda með fógetagerð:

— — —

Af hálfu gerðarþola eru þær kröfur gerðar, að innsetningarbeiðni gerðarbeiðanda verði hafnað og gerðarþola úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

— — —

II.

Aðilar máls þessa gera með sér samkomulag 27. júní 1991 þess eðlis, að Burstagerðin hf. lofar að taka ekki framangreind mót úr vörslu Sigurplasts hf., nema eitthvert þeirra skilyrða komi fram, sem tiltekin eru í 3. gr. samkomulags aðila frá 27. júní 1991.

Gerðarþoli hefur látið að því liggja, að skilyrði 4. tl. 3. gr. samkomulagsins hafi verið brotið, þ. e., að illa hafi verið farið með mótin, svo að þau liggi undir skemmdum. Ekki hefur þó verið lögð fram lögfull sönnun þess, að gerðarbeiðandi hafi farið svo illa með mótin, að gerðarþola sé heimilt að halda þeim í vörslum sínum eða fá þau öðrum en gerðarbeiðanda til vörslu gegn vilja gerðarbeiðanda. Því er talið, að samkomulag aðila sé enn í fullu gildi og gerðarbeiðandi því réttur vörslumaður þeirra móta, sem tiltekin eru í 2. gr. samkomulags aðila frá 27. júní 1991. Því ber að taka innsetningarbeiðni þessa til greina að ofangreindu marki.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framangreind innsetningarbeiðni skal ná fram að ganga gagnvart mótum þeim, sem tiltekin eru í 1. til 12. tölulið innsetningarbeiðninnar:

1. Mót fyrir 300 ml Sápukrems-flösku.
2. Mót fyrir 250 ml Króka-flösku.
3. Mót fyrir 550 ml Þvol-flösku.
4. Mót fyrir 750 ml Þvol-flösku.
5. Mót fyrir 600 ml Bón-flösku.

6. Mót fyrir 700 ml Úða-flösku, Rúðuúða-flösku og Sparr-flösku.
 7. Mót fyrir 920 ml Klór-flösku og Blautsápu-flösku.
 8. Mót fyrir 500 ml Dorfa-flösku.
 9. Mót fyrir 1000 ml Dorfa-flösku.
 10. Mót fyrir 1 ltr. flatan brúsa með handfangi.
 11. Mót fyrir 2 ltr. flatan brúsa með handfangi.
 12. Mót fyrir 4 ltr. Dropa-brúsa.
-